Reykjavík, 23. janúar 2018
R17070081
352

Borgarráð

Starfshópur um framtíðaruppbyggingu Íþróttafélagsins Fylkis

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um framtíðaruppbyggingu Íþróttafélagsins Fylkis eru lögð fram til kynningar. Starfshópurinn er skipaður í framhaldi af undirritun samkomulags á milli Reykjavíkurborgar og Íþróttafélagsins Fylkis þann 18. desember 2017. Honum er ætlað að gera tillögur um framtíðaraðstöðu fyrir Íþróttafélagið Fylki og gera tillögu að samstarfssamningi við félagið þar sem m.a. verði lögð áhersla á góða nýtingu mannvirkja og þjónustu við íbúa varðandi almenna heilsueflingu.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Drög að erindisbréfi starfshóps um framtíðaruppbyggingu Íþróttafélagsins Fylkis.

R17070081

ERINDISBRÉF

Starfshópur um framtíðaruppbyggingu Íþróttafélagsins Fylkis

Ábyrgðarmaður:
Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:
18. desember 2017 var undirritað samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Íþróttafélagsins Fylkis um að Reykjavíkurborg tæki að sér að leggja gervigras ásamt nauðsynlegu undirlagi með snjóbræðslukerfi og vökvunarkerfi á aðalvöll félagsins og koma fyrir flóðlýsingu. Á móti skilar Fylkir til Reykjavíkurborgar því svæði sem félagið hefur haft og nýtt milli Hraunbæjar og Bæjarháls. Í samkomulaginu er einnig samið um að skipa starfshóp sem skal vinna þarfagreiningu vegna framtíðaraðstöðu Fylkis og á grundvelli þeirrar þarfagreiningar gera tillögu um samstarfssamning um uppbyggingu á framtíðaraðstöðu félagsins.

Hlutverk:
Starfshópnum er ætlað að gera tillögur um framtíðaraðstöðu fyrir Íþróttafélagið Fylki og gera tillögu að samstarfssamningi við félagið þar sem m.a. verði lögð áhersla á góða nýtingu mannvirkja og þjónustu við íbúa varðandi almenna heilsueflingu.

Helstu verkefni:
- Að huga að heildarskipulagi svæðis Fylkis við Fylkisveg sem og aðstöðu á öðrum svæðum sem Fylkir nýtir.
- Að vinna þarfagreiningu fyrir íþróttastarfsemi Fylkis og greina út frá því hvaða fjárfestingar slík þarfagreining kallar á. Í tengslum við þarfagreininguna skal starfshópurinn skoða hvort rétt sé að félagið taki að sér að þjónusta stærra svæði en nú er vegna þéttingar byggðar í Reykjavík og skal hópurinn horfa til nýrra hverfa sem Fylkir getur með góðu móti þjónustað.
- Að vinna mismunandi sviðsmyndir til lausna fyrir félagið og kostnaðargreina hverja sviðsmynd fyrir sig til samanburðar.
- Að skoða hvort nýta megi mannvirki Fylkis fyrir aðra þjónustu Reykjavíkurborgar og styrkja þannig hverfisþjónustuna.

Starfshópinn skipa:
Fulltrúi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (formaður).
Fulltrúi íþrótta- og tómstundasviðs.
Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs.
Þrír fulltrúar, Íþróttafélaginu Fylki.
Fulltrúi Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Starfsmaður:
Starfsmaður komi frá umhverfis- og skipulagssviði.

Til ráðgjafar og samstarfs:
Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins.

Starfstímabil:
Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok febrúar 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

DRÖG